

## Fundur í fagráði nautgriparæktar 4. júní 2013

### Fundargerð

Fundurinn var haldinn í Bændahöllinni við Hagtorg og hófst kl. 11.00.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Þórarinn Leifsson, Sigurður Loftsson, Guðbjörg Jónsdóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Baldur Helgi Benjamínsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu um styrkveitingar úr þróunarsjóðnum.
3. Nýtt kynbótamat í nautgriparækt.
4. Minnisblað um skap og mjaltir.
5. Önnur mál.

#### 1. Fundarsetning

Guðný Helga setti fund og stýrði honum. Guðmundur óskaði eftir að bókuð yrði athugasemd við síðustu fundargerð frá 18. apríl s.l. við lið 2. „Afgreiðsla umsókna“ að hann hefði ekki tekið þátt í afgreiðslu umsóknar frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins varðandi átaksverkefni í ráðgjöf til nautakjötsframleiðenda. Hann hefði mætt seint á fundinn og því hefði afgreiðslu málsins verið lokið þegar hann mætti. Guðmundur tók jafnframt að hann væri vanhæfur til að fjalla um það mál þar sem hann hefði komið að því á fyrri stigum.

#### 2. Erindi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu um styrkveitingar úr þróunarsjóðnum.

Guðný Helga fór yfir efni bréfs frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 23. maí 2013, þar sem óskað er eftir frekari upplýsingum um ákveðin atriði er varða úthlutanir úr þróunarsjóðum sauðfjár- og nautgriparæktar. Bréfið er stílað á Bændasamtökin er en þau hafa beðið fagrád að svara þeim spurningum er lúta að þróunarsjóði nautgriparæktar. Þær spurningar varða niðurfellingu framlga sem ekki eru hafin innan árs og vanhæfi fagráðsmanna til að fjalla um einstök mál og/eða umsóknir.

Málið rætt og formanni falið að fara yfir afgreiddar umsóknir og afgreiðslu þeirra. Formaður svari síðan Bændasamtökunum í samræmi við efni bréfsins í samráði við Ernu Bjarnadóttur og Elías Blöndal Guðjónsson.

Jafnframt var rætt að halda þurfi vel utan um einstök mál, afgreiðslu og stöðu þeirra á hverjum tíma.

Ákveðið að óska eftir því við Elías Blöndal Guðjónsson, lögfræðing Bændasamtakanna, að draga upp vinnu- og/eða viðmiðunarreglur fyrir fagrád varðandi vanhæfi fagráðsmanna vegna einstakra mála.

#### 3. Nýtt kynbótamat í nautgriparækt.

Gunnfríður fór yfir nýtt kynbótamat í nautgriparæktinni, m.a. nautárgangana 2006 og 2007 og reynd naut í notkun. Hún fór ítarlega yfir árgang 2007 en að þessu sinni var um fyrstu kynbótamatskeyrslu að ræða þar sem hluti þeirra nauta hefur náð nægjanlegum fjölda dætra með afurðaupplýsingar. Guðmundur fór yfir notkun á þeim reyndu nautum sem verið hafa í notkun undanfrana mánuði.

Ákveðið að setja eftirtalin naut í notkun; Sand 07014, Rjóma 07017, Dúllara 07024, Húna 07041, Topp 07046 og Lög 07047.

Þá var ákveðið að fækka heildarfjölda reyndra nauta í drefingu en áfram verði eftirtalin til dreifingar; Gyllir 03007, Hryggur 05008, Baugur 05036, Frami 05034, Baldi 06010, Logi 06019, Kambur 06022, Dynjandi 06024, Hjarði 06029 og Víðkunnur 06034. Auk þeirra verði Vindiill 05028 og Koli 06003 í dreifingu þar til sæði úr þeim klárast.

Þessu næst var tekið matarhlé en að því loknu vék Sigurður Loftsson af fundi vegna annarra anna.

Að loknu matarhléi var rætt um nautsfeður, nautsmæður og pörunarátlanir.

Ákveðið að nautsfeður næstu mánuði verði Baldi 06010, Kambur 06022, Hjarði 06029 og Lögur 07047.

Þá var rætt um útgáfu á nautaskrá og hugmyndir um að hún verði gefin út á einfaldara formi þegar ekki eru mörg ný naut að koma til notkunar.

Besta naut árgangsins 2006 var valið og þá nafnbót hlýtur Koli 06003 frá Sólheimum í Hrunamannahreppi. Jafnframt var tekin sú ákvörðun að afhenda jafnan verðlaun fyrir besta nautið á ársfundi fagráðs til þess að gera þessari viðurkenningu hærra undir höfði en segja má að þetta séu æðstu verðlaun nautgriparæktarinnar héraendis.

#### **4. Minnisblað um skap og mjaltir.**

Guðmundur lagði fram minnisblað um færslu á dómum á mjöltum og skapi til bænda. Ljóst er að verkefnið er umfangsmeira en svo að það verði gert á augabragði.

Ákveðið að Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins vinni málið áfram í samstarfi/samráði við Landbúnaðarháskólann en breytingar á dómum á skapi snerta óneitanlega uppbyggingu kynbótamats fyrir þann þátt.

#### **5. Önnur mál.**

Tölvudeild Bændasamtakanna hefur óskað eftir umsögn fagráðs um tvískipt árgjald fyrir nautgriparæktarkerfið Huppu, þ.e. eftir bústærð.

Fagráð er ekki hlynnt tvískiptu árgjaldi fyrir Huppu og sér ekki röksemdir fyrir því. Kerfið nýtist bændum á sama hátt óháð bústærð.

Rætt um frjósemismál, m.a. vangaveltur um nýtt kynbótamat fyrir frjósemi. Gunnfríður sagði að skortur á tíma og mannafla háði frekari þróun kynbótamats í nautgriparæktinni. Fagráð eigi að síður á því að blása til sóknar og leita eftir samstarfi við Landbúnaðarháskólann um þróun nýs kynbótamats fyrir frjósemi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðmundur Jóhannesson,  
fundarritari.

Fylgiskjöl:

1. Bréf frá ANR vegna úthlutana úr þróunarsjóðum sauðfjárræktar og nautgriparæktar, dags. 23. maí 2103.
2. Niðurstöður kynbótamats í nautgriparækt í maí 2013
3. Minnisblað vegna dóma á mjöltum og skapi